

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hraunhrepps í Borgarbyggð.

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Hraunhrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru vatnsveitunni en þó að hámarki kr. 33.000 á hvert íbúðarhús eða sumarhús.

2. gr.

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. gr. skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur 34,50 kr./m³. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

Kind	5 l/dag
Geldneyti	26 l/dag
Kálfar	13 l/dag
Kýr	65 l/dag
Hross	17,5 l/dag
Svín	10 l/dag
Grísir	5 l/dag

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

3. gr.

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 1. maí og eindagi mánuði síðar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

5. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir árið 2023.

Samþykkt af stjórn Vatnsveitu Hraunhrepps 25. apríl 2023 og byggðarráði Borgarbyggðar 6. júlí 2023 (sem þá hafði fullnaðarafgreiðsluheimild vegna sumarleyfis sveitarstjórnar).

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 12. september 2023.

Lilja Björg Ágústsdóttir staðgengill sveitarstjóra.